Nr 420

GESCHÄFTSBUCH

# Fundargerð.

Ár 1986 þann 10. september komu ~~eftirtaldir~~ fulltrúar byggingarnefndar Rípurhrepps saman til fundar á Sauðárkróki, en þeir eru: Sveinn Árnason Eyhildarholti, Bogi Pálsson Beingarði og Birgir Þórðarson Ríp. Auk þeirra mættu á fundinum Ingvar G. Jónsson byggingafulltrúi, Björn Sverrisson eldvarnaeftirlitsmaður, Árni Gíslason oddviti Rípurhrepps og Sigurjón Björnsson Garði sem varamaður fyrir Svein Árnason.

Dagskrá fundarins.

1. Kjör formanns byggingarnefndar. Kjörinn var Sveinn Árnason.
2. Umsókn frá Unni Jóhannesdóttur um að byggja sumarhús í landi Eggjar í Hegranesi. Umsóknin samþykkt.
3. Umsókn frá RARIK um lagningu raflínu frá Utanverðunesi út að Utanverðunesvita. Umsóknin samþykkt.
4. Umsókn frá Einari Kristinssyni Hamri um að endurnýja og breyta gluggum á íbúðarhúsi og klæða það að utan. Umsóknin samþykkt.
5. Umsókn frá félagsbúinu Eyhildarholti um stækkun og endurnýjun á fjósi og byggingu haughúss og mjólkurhúss. Umsóknin samþykkt.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið

Sveinn Árnason.
Ingvar Gýgjar Jónsson

## Fundargjörð

Ár 1986 fimmtudaginn 9. október kom byggingar og skipulagsnefnd Rípurhrepps saman til fundar að Keldu. Mættir voru: Sveinn Árnason formaður og Borgi Pálsson og Ingvar Gýgjar Jónsson byggingafulltrúi.

Fyrir fundinum lá umsókn frá Símoni Traustasyni bónda í Keldu, um staðsetningu á Vélageymsluhúsi. Að athuguðu máli var samþykktur byggingarstaður fyrir húsið vestan heimkeyrsluvegar að Keldu, vestur af gamla íbúðarhúsinu.





## Fundargerð.

Þann 7. ágúst 1987 komu fulltrúar byggingarnefndar Rípurhrepps saman til fundar að Keldu í Rípurhreppi. Auk þeirra mætti á fundinn Sigurður Ingvarsson byggingafulltrúi. Tilefni fundarins var umsókn Símonar Traustasonar um byggingu loðdýraskála. Fyrir liggur samþykki heilbrigðisfulltrúa, samþykki eldvarnaeftirlitsmanns og afstöðuteikning. Umsóknin samþykkt og fleira ekki fyrir tekið.

Sveinn Árnason
Birgir Þórðarson
Sigurður H. Ingvarsson

2. fundur '87.

# Fundargerð.

Þann 9 september kom bygginganefnd Rípurhrepps saman til fundar að Rip. Auk þeirra mætti á fundinn Ingvar G. Jónsson byggingafulltrúi og Sigurjón Björnsson Garði, sem varamaður fyrir Birgi Þórðarson.

Tilefni fundarins var umsókn Birgis Þórðarsonar um byggingu loðdýraskála. Fyrir fundinum liggur samþykki sóknarnefndar Rípursóknar og samþykki eigenda íbúðarhúss á Rip, þeirra Þórðar Þór~~arinssonar~~ og Gunnlaugs Þórarinssonar. Einnig liggur fyrir fundinum afstöðuteikning og samþykki heilbrigðisfulltrúa.

Umsókn samþykkt með fyrirvara um samþykki eldvarnaeftirlitsmanns. ~~Fleira ekki fyrir tekið.~~

Sveinn Árnason.
Bogi Pálsson.
Sigurjón Björnsson
Ingvar Gunnar Jónsson

Einnig samþykkti fundurinn að láta kanna hvar vantar nafnskilti á heimreiðir bæja og ~~[illegible]~~ láta setja upp skilti þar sem þau vantar.

Fleira ekki fyrir tekið.

1. fundur '88

# Fundargjörð

Ár 1988 föstudaginn 3. júní kom byggingar og skipulagsnefnd Rípurhrepps saman til fundar á skrifstofu byggingafull. að Sæmundargötu 7

I Umsókn frá Sigurjóni Björnssyni Garði um byggingarleyfi fyrir haughúsi og fjósi Teikningar gerðu Magnús Sigsteinsson og Sigurður Sigvaldason verktræðingur.
Byggingarleyfi veitt. Afstöðuteikn gerði Þórarinn Sölmundarson, Staðsetn. fjóssins samþ norðvestur af núverandi íbúðarhúsi

2. Fyrir fundinum lá afstöðuuppdráttur af bílastæðum við Rípurkirkju sem gerður er af Vegagerð ríkisins. Staðsetning bílastæða samþ.

Fleira ekki fyrir tekið. fundi slitið

Leifur Þórarinsson.
Bogi Pálsson.
Sigurjón Björnsson
Ingvar Gýgjar Jónsson

Ath. þann 7/6. '88. Símtal við Leif formann hreppsnefndar Hann segir: Byggingarn. og hreppsnefnd samþ. fundargjörð og staðsetn. sunnan fjárhúsa. I.G.J.

1. fundur '89



# Fundargjörð

Ár 1989 þann 10. júlí kom bygginga og skipulagsnefnd Rípurhrepp saman til fundar á skrifstofu byggingafulltrúa að Sæmundargötu 7. Sauðárkróki
Mættir voru á fundinum Bogi Pálsson Sigurjón Björnsson og Valgarður Einarsson sem varamaður, svo og Ingvar Gýgjar byggingafulltrúi. Tekna voru fyrir þessar umsóknir til byggingaframkvæmda og breytinga þar að lútandi.
I Félags~~[illegible]~~-búið Hylhildarholti sækir um að byggja blásarahús við suðurstafn fjóshlöðu. var umsóknin samþ.
II Leifur Þórarinsson Keldudal sækir um leifi til að byggja anddyri við íbúðarhús samkvæmt meðfylgjandi teikningu. var umsóknin samþ.
III Pálmar Jóhannesson ~~[illegible]~~ sækir um leifi til að breita þaki á íbúðarhúsi samkvæmt meðfylgjandi teikningu var umsóknin samþykkt.
IV Gísli Gunnarsson Bárustíg 4. Sauðárkr. sækir um leifi til byggingar sumarhúss í landi Hellulands. Tilskilin leyfi voru ekki fyrir hendi og afgreiðslu frestað.
V Gunnlaugur Þórarinsson Smáragrund 12 sækir um að setja viðfarar dyr á vesturhlið suðurhluta vélageymslu. Var samþ. að byggingarnefnd mæti á staðinn að kvöldi þessa dags og líti á afstöðuna, og afgreiðslu frestað þar til.
Nefndin kom saman að Ríp að

að kvöldi 10. júlí ásamt Gunnlaugi Þórarinssyni og Birgi Þórðarsyni. Til staðsetningar dyra á geymslu hluta Gunnlaugs. Var samkomulag um að dyrnar skyldu settar, ~~settar~~ austan á geymsluna, norðast á parti Gunnlaugs. Fleira var ekki fyrir tekið.

Valgarður Einarsson



Fundargerð.

Ár 1989 - föstudaginn 3. nóvember kom ~~b~~ byggingar og skipulagsnefnd Rípurhrepps saman til fundar að skrifstofu byggingafulltrúa Sæmundargötu 7 Sauðárkróki. Mættir voru byggingarnefndarfulltrúarnir Bogi Pálsson, Birgir Þórðarson og Sigurjón Björnsson. Auk þess ~~x~~ voru mættir Árni Gíslason og byggingafulltrúi Ingvar Gýgjar Jónsson.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fyrir lá beiðni frá Stöð II ~~[illegible]~~ þar, sem sótt er um ~~bygging~~ leyfi til að fá að reisa endurvarpsmastur ásamt sendihúsi í landi Svanavatns/Hegrabjargs.
Einróma samþykkt með þeim fyrirvara að sátt sé við alla sem hlut eiga að máli - og samþykki þeirra liggi fyrir.

2. Gísli Gunnarsson Bárustíg 11 Sauðárkr. sækir um leyfi til byggingar sumarhúss í landi Hellulands. Öll tilskilin leyfi fyrir hendi.
Samþykkt samhljóða.

3. Fyrir lá umsókn frá Elínborgu Þórarinsd. frá Hróarsdal um leyfi til endurbyggingar fjárhúsa, sem skemmdust í bruna á síðastl. sumri. Einróma samþykkt - enda liggi öll tilskilin leyfi fyrir.

Birgir Þórðarson   Bogi Pálsson

Sigurjón Björnsson   Ingvar Gýgjar Jónsson

# Fundargjörð.

Ár 1990 föstudaginn 21.09 var
fundur haldin í skipulags og
byggingarnefnd Rípurhrepps að
Sæmundargötu 7. Sauðárkr.
Mættir voru undirritaðir.

Tekin var fyrir umsókn um byggingarleyfi
fyrir haughúsi frá Einari Val
Valgarðssyni Ási 2. Teikn. gerði
B.L. Nr. 10-5552 Stærð 144 m² 576 m³.
Teikn. samþ. Byggingarleyfi veitt með
fyrirvara um að afstöðuteikn. verði skilað.
Heimild er gefin til að flytja gamla íbúðarhúsið í Ási að
Glaumbæ, en húsið er í umsjá þjóðminjavarðar
Fleira gerðist ekki

Símon E. Traustason. Ingvar Gýgjar Jónsson.
Björn Sverrisson

# Fundargjörð

kl. 21⁰⁰

Ár 1991 mánudaginn 15. júlí kom byggingar og skipulagsnefnd Rípurhr. saman til fundar í Félagsheimili hreppsins.
Form. Símon Traustason setti fundinn og stjórnaði honum.

Þetta gerðist.

1 Byggingarfulltrúi kynnti bréf frá Skipulagi ríkisins dagsett 26.7."89. 10.9."90. 7.1."91. 3.5."91. 3.7."91. 4.7."91. einnig bréf frá Umhverfisráðuneyti dagsett 7.6."91. Öll þessi bréf voru lesin upp og urðu um þau nokkrar umræður

2 Umsókn frá Gunnlaugi Þórarinssyni dags. 09.07."91. um að breyta fjárhúsum sínum á Ríp í hesthús og steypa vegg í fjárhúshlöðu.
Umsóknin samþykkt og vísast m.a. til samnings Gunnlaugs og ~~Þórar~~ Þórarinssona þar um dags. 05.07."89.
Styrkleikateikn skal leggja fram af greindum skilrúmsvegg í hlöðunni.

3. Umsókn frá Sævari Einarssyni og Einari Kristinssyni um að breyta gluggum á vesturhlið íbúðarhússins á Hamri
Teikning í vinnslu
Umsóknin samþykkt.

4. Umsókn frá Árna Gíslasyni Eyhildarholti 2. um breytingu á gluggum íbúðar hanns sem er á meðfylgjandi teik. í vinnslu. Umsóknin samþ.

5. Umsókn frá Sigurjóni Björnssyni um að breyta notkun útihúsa Umsóknin samþykkt.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Símon E. Traustason
Gunnar Einarsson
Sigurjón Björnsson
Ingvar Gunnarsson.

Eftir að framangreindum fundi lauk urðu miklar umræður um fjósbygginguna í Eyhildarholti og því var settur fundur aftur og gerð eftirgreind bókun.

Varðandi haughús og fjósstækkun og mjólkurh. í Eyhildarholti er byggingarleyfi var veitt fyrir 10. sept. '86. Sjá fundargjörð.
Haughúsið var steypt upp '86 en fjósið og mjólkurhúsið árið '87. Árið '88 komu fram sprungur í fjósstækkunina sem sjáanlega orsakast af sigi. Sigið hefur ágerst og við mælingu Haraldar Árnasonar verkfr. vorið '90 mældist halli á gólfi fjóssins 9 sm á 12 m. Síðan hefur halli á



gólfi ekki verið mældur en sprunga í norðurvegg fjóssins hefur verið mæld og skráð tvisvar á ári og er hún sí stækkandi samkvæmt þeim mælingum. Hönnuðir hússins hafa komið á staðinn einnig Björn Marteinsson verkfr. frá R.B. Ekki hafa þeir gert formlegar tillögur til úrbóta en byggingarnefnd telur nauðsynlegt að það verði gert hið allra fyrsta.

Símon E. Traustason
Gunnar Einarsson
Sigurjón Björnsson
Ingvar Gunnarsson

BYGGINGAFULLTRÚINN Í SKAGAFJARÐAR-
OG AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU
BYGGINGA- OG SKIPULAGSMÁLASKRIFSTOFA

Til minnis

Sauðárkróki, 19

Fundargjörð.

Ár. 1986 fimmtudaginn 9. október kom byggingar og skipulagsnefnd Rípurhrepps saman til fundar að Keldu. Mættir voru, Sveinn Árnason formaður Bogi Pálsson og Ingvarlúsían Jónsson byggingafltr.

Fyrir fundinum lá umsókn frá Símoni Traustasyni bónda í Keldu, um staðsetningu á vélageymsluhúsi

Að athuguðu máli var samþykktur byggingarstaður fyrir húsið vestan heimkeyrsluvegar að Keldu, vestur af gamla íbúðarhúsinu.

SÍMI 95-5533 BOX 59 NAFNNR.: 1108 - 6594 SÆMUNDARGÖTU 7 a 550 SAUÐÁRKRÓKI

*Oddviti Rípurhrepps*

*Eyhildarholti,* 9. okt. 1987

Afgreiðsla hreppsnefndar Rípurhrepps á umsókn Símonar Traustasonar vegna byggingar loðdýraskála í Ketu:

Hreppsnefnd Rípurhrepps getur fyrir sitt leyti fallist á byggingu minkaskála í Ketu, þrátt fyrir það að vegalengd að félagsheimili nái ekki 500 metrum. Algert skilyrði er þó af hálfu hreppsnefndar að ekki verði hafðir refir í húsinu.
Hinsvegar lýsir hreppsnefnd yfir undrun sinni á þeim fáheirðu vinnubrögðum umsækjanda, að hefja framkvæmdir og steypa grunnveggi að húsinu án þess að hreppsnefnd hafi að nokkru fjallað um málið. Í ljósi þess sýnist samþykkt eða synjun hreppsnefndar litlu breyta.

Að kvöldi 10. júlí kom
byggingarnefnd Rípurhrepps
saman að Ríp ásamt
Gunnlaugi og Birgi
til staðsetningar dyra
á geymsluhluta Gamla
Var samkomulag um
að dyrnar skyldu settar
austan á geymslunni
norðast á parti Gunnlaugs

Valgarð Einarsson
Bogi Pálsson
Sigurþór Björnsson
Gunnlaugur Þórarinsson
Birgir Þórðarson

m